

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:  
Þrátt fyrir þetta skal réttarstaða allra umsækjenda taka mið af skráningu í þjóðskrá þann dag sem auglýstur umsóknarfrestur rennur út.

2. gr.

Talan „II“ í b. lið 6. gr. falli brott.

3. gr.

Við 3. mgr. 6. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:  
Jafnframt er nefndinni heimilt að veita umsækjanda án fjöldskyldutengsla við skráð lögheimili undanþágu, sbr. a. lið 2. mgr., ef hann leggur fram opinbert vottorð um eignarhald sitt á lögheimilinu eða þinglýstan leigusamning til staðfestingar búsetu sinni.

4. gr.

Nýtt fylgiskjal, sem birt er með reglugerð þessari, kemur í stað eldra fylgiskjals, sbr. reglugerð nr. 760/2004 og reglugerð nr. 829/2006 um breytingu á reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 8. gr. laga um námsstyrki, nr. 79/2003, kemur í stað reglugerðar nr. 903/2007 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 8. október 2007.*

**Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Þórhallur Vilhjálmsson.*

**Fylgiskjal.****Póstnúmer/svæði í nágrenni framhaldsskóla.**

<b>Skólar</b>	<b>Póstnúmer skóla</b>	<b>Nágrenni skóla póstnr./svæði</b>
Framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni *	101-225; 270	101-225; 270
Framhaldsskólar í Reykjanesbæ	230; 235; 260	230; 235; 260
Framhaldsskólar á Akranesi	300	300; 301**
Framhaldsskólar í Borgarnesi	310	310
Framhaldsskólar í Grundarfirði	350	350***
Framhaldsskólar á Ísafirði	400	400; 410
Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði	450	450
Framhaldsskólar á Sauðárkróki	550	550
Framhaldsskólar á Akureyri	600; 603	600; 603
Framhaldsskólar á Húsavík	640	640
Framhaldsskólar á Laugum	650	650; 641****
Framhaldsskólar á Egilsstöðum	700	700; 701*****
Framhaldsskólar í Neskaupstað	740	740
Framhaldsskólar á Höfn í Hornafirði	780	780
Framhaldsskólar á Selfossi	800	800
Menntaskólinn að Laugarvatni	840	840
Framhaldsskólar í Vestmannaeyjum	900	900

\* Reykjavíkurborg; Seltjarnarneskaupstaður; Kópavogsbær; Garðabær; Mosfellsbær; Hafnarfjarðarkaupstaður; Sveitarfélagið Álftanes.

\*\* Svæðið sunnan Akrafjalls, frá Miðgarði að Akranesi.

\*\*\* Grundarfjarðarbær: Milli Lárvaðals og Grjótár.

\*\*\*\* Þingeyjarsveit: Umhverfis Laugar að Þjóðvegi 1.

\*\*\*\*\* Fellabær.